

Stofnupplýsingar

Frá : Hrefna Jóhannesdóttir <hrefna@skogur.is>
CC : Þróstur Eysteinnsson <Throstur@skogur.is>
Heiti : Kynning á drögum að landsáætlun í skógrækt og umhverfismati hennar
Málsnúmer : 202105095
Málsaðili : Skógræktin
Efnisflokkur : Tölvupóstur
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 7.5.2021
Höfundur : Skógræktin

Viðhengi

[image001.jpg](#)

Heil og sæl,

Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.

Tilfni mótunar nýrrar stefnu, landsáætlunar í skógrækt, byggir á 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Þar segir: *Ráðherra gefur út eigi sjaldnar en á fimm ára fresti landsáætlun í skógrækt til tíu ára í senn. Landsáætlunin skal kveða á um stefnu stjórnvalda þar sem fjallað er um stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt.*

Landsáætlun í skógrækt fjallar um málaflokkinn skógrækt, sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Skógræktin er sú ríkisstofnun sem fæst við málaflokkinn. Heildstæð stefna á þeim forsendum sem hér gilda hefur ekki áður verið unnin. Lokaafurð er heildarstefna í skógrækt á Íslandi til næstu 10 ára.

Skiptar skoðanir voru meðal aðila í verkefnisstjórn áætlunarinnar sem leiddi til þess að samið var minnihlutaálit. Það er að finna á sama stað og er einnig hægt að skila inn athugasemdum um það.

Nánari upplýsingar og skjöl til umsagnar er að finna á heimasíðu Skógræktarinnar, sjá [hér](#).

Umsagnarfrestur er til 18. júní nk.

Virðingarfyllst f.h. verkefnastjórnar landsáætlunar í skógrækt,

**HREFNA JÓHANNESDÓTTIR**

Skipulagsfulltrúi / Planning consultant
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri
600 Akureyri, Iceland
(+354) 626 1016 — www.skogur.is